# Mánudagur 13. febrúar



SJÓNVARPIÐ

16.30 **Fræðsluvarp**1. Haltur ríður hrossi. Annar þáttur. Þáttur um aðlögun fatlaðra og ófatlaðra í þjóðfélaginu. (15 mín.). 2. Stærðfræði 102 – algebra. Umsjón Kristín Halla Jónsdóttir og Sigríður Hlíðar. (10 mín). 3. Frá bónda til búðar 3. þáttur. Þáttur um vöruvöndun og hreinlæti á vinnustöðum. (11 mín). 4. Alles Gute 4. þáttur. Þýskuþáttur fyrir byrjendur. (10 mín).
18.00 **Töfragluggi Bomma** – endurs. frá 8. feb. Umsjón Árný Jóhannsdóttir.
18.50 **Táknmálsfréttir.**
18.55 **Íþróttahornið.** Fjallað um íþróttir helgarinnar. Umsjón Jón Óskar Sólnes.
19.25 **Staupasteinn.** Bandarískur gamanmyndaflokkur Þýðandi Guðni Kolbeinsson.
19.54 **Ævintýri Tinna**Ferðin til tunglsins. (19)
20.00 **Fréttir og veður.**
20.35 **Stef úr ljóði lífsins.** Jónas Jónasson heimsótti alþýðuskáldið Kristján frá Djúpalæk á haustdögum og ræddi við hann um lífshlaup hans og skáldverk. Stjórn upptöku Þórarinn Ágústsson.
21.15 **Tíunda þrepið.** (The Tenth Level). Bandarískt sjónvarpsleikrit um sálfræðing sem gerir tilraunir með hlýðni almennings og traust á vísindamönnum. Leikstjóri Charles S. Dubin. Aðalhlutverk William Shatner, Lynn Carlin, Ossie Davis og Estelle Parsons.
23.00 **Seinni fréttir og dagskrárlok.**



STÖÐ 2

15.45 **Santa Barbara.** Bandarískur framhaldsþáttur.
16.30 **Yfir þolmörkin.** The River's Edge. Spennumynd um mann sem fær fyrrverandi unnustu og eiginmann hennar til að aðstoða sig við að smygla stolnu fé yfir landamæri Mexíkó. Í ljós kemur að smyglarinn er með ýmsar aðrar fyrirætlanir á prjónunum. Aðalhlutverk: Ray Milland, Anthony Quinn og Debra Paget.
17.55 **Kátur og hjólakrílin.** Leikbrúðumynd með íslensku tali.
18.20 **Drekar og dýflissur.** Teiknimynd.
18.45 **Fjölskyldubönd.** Family Ties. Bandarískur gamanmyndaflokkur.
19.19 **19:19.** Fréttaflutningur ásamt innslögum um þau mál sem hæst ber hverju sinni.
20.30 **Dallas.** Framhaldsþáttur um Ewing fjölskylduna. Þýðandi: Ásthildur Sveinsdóttir.
21.20 **Dýraríkið.** Wild Kingdom. Vandaðir dýralífsþættir.
21.45 **Frí og frjáls.** Duty Free. Breskur gamanmyndaflokkur um tvenn hjón sem fara í sumarleyfi til Spánar. Sjötti þáttur. Aðalhlutverk: Keith Barron, Gwen Taylor, Joanna Van Gyseghem og Neil Stacy.
22.10 **Fjalakötturinn: Haustdagar.** Sammi no Aji. Þessi mynd er síðasta verk japanska leikstjórans Yasujiro Ozu. Ozu er talinn vera einn japanskasti leikstjóri af öllum Japönum svo meðvitaður var hann um þjóðareinkenni og þjóðararf fólks síns. Aðalhlutverk: Shima Iwashita, Shinichiro Mikami og Keiji Sata.
0.05 **Síðasti drekinn.** The Last Dragon. Ungur piltur helgar líf sitt bardagalistinni og átrúnaðargoði sínu, Bruce Lee. Hann á í útistöðum við jafnaldra sína en lærifaðir piltsins kennir honum að nýta bardagalistina sér til varnar og andlegrar upplifunar. Ekki við hæfi barna.
1.55 **Dagskrárlok.**

Rás I
FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Kristinn Ágúst Friðfinnsson flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið með Randveri Þorlákssyni.** Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15. Baldur Sigurðsson talar um daglegt mál laust fyrir kl. 8.00.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Litli barnatíminn** – „Sitji guðs englar". Guðrún Helgadóttir lýkur lestri sögu sinnar. (Endurtekið um kvöldið kl. 20.00.)
9.20 **Morgunleikfimi.** Umsjón: Halldóra Björnsdóttir.
9.30 **Dagmál.** Sigrún Björnsdóttir fjallar um líf, starf og tómstundir eldri borgara.
9.45 **Búnaðarþáttur** – Rætt um ráðunautafund 1989. Matthías Eggertsson ræðir við Ólaf R. Dýrmundsson.
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **„Eins og gerst hafi í gær".** Viðtalsþáttur í umsjón Ragnheiðar Davíðsdóttur. (Þátturinn er endurtekinn frá í gær.)
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Bergljót Haraldsdóttir. (Einnig útvarpað laust eftir miðnætti.)
11.55 **Dagskrá.**
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
13.05 **Í dagsins önn** – Að sækja um vinnu. Umsjón: Bergljót Baldursdóttir.
13.35 **Miðdegissagan:** „Blóðbrúðkaup" eftir Yann Queffeléc. Guðrún Finnbogadóttir þýddi. Þórarinn Eyfjörð les. (13.)
14.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
14.05 **Á frívaktinni.** Þóra Marteinsdóttir kynnir óskalög sjómanna. (Einnig útvarpað aðfaranótt föstudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Lesið úr forustugreinum landsmálablaða.**
15.45 **Íslenskt mál.** Endurtekinn þáttur frá laugardegi sem Gunnlaugur Ingólfsson flytur.
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin. Dagskrá.**
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið** – Verum viðbúin. Meðal efnis er þriðji kafli bókarinnar „Verum viðbúin". Umsjón: Kristín Helgadóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist á síðdegi** – Ravel, Debussy og Bartók.
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Á vettvangi.** Umsjón: Bjarni Sigtryggsson, Guðrún Eyjólfsdóttir og Páll Heiðar Jónsson. Tónlist. Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.**
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.31 **Daglegt mál.** Endurtekinn þáttur frá morgni sem Baldur Sigurðsson flytur.
19.35 **Um daginn og veginn.** Gísli Hallgrímsson Hallgerðarstöðum talar.
20.00 **Litli barnatíminn** – „Sitji Guðs englar". Guðrún Helgadóttir lýkur lestri sögu sinnar. (Endurtekinn frá morgni.)
20.15 **Gömul tónlist í Herne.** Annar hluti af sex. Guillemette Laurens og „Ensemble Aurora"-kammersveitin flytja verk eftir Arcangelo Corelli, Antonio Vivaldi, Giovanni Bonancini, Domenico Dall'Oglio og Giuseppe Girardeschi. (Hljóðritun frá útvarpinu í Köln.)
21.00 **FRÆÐSLUVARP.** Þáttaröð um líffræði á vegum Fjarkennslunefndar. Sjöundi þáttur: Kolbeinsey. Umsjón: Steinunn Helga Lárusdóttir. (Áður útvarpað í ágúst sl. sumar.)
21.30 **Útvarpssagan:** „Þjónn þinn heyrir" eftir Söru Lidman. Hannes Sigfússon les þýðingu sína. (10.)
22.00 **Fréttir.** Dagskrá morgundagsins.
22.15 **Veðurfregnir.**
22.20 **Lestur Passíusálma.** Guðrún Ægisdóttir les 19. sálm.
22.30 **Vísindaþátturinn.** Umsjón: Ari Trausti Guðmundsson. (Einnig útvarpað á miðvikudag kl. 15.03.)
23.10 **Kvöldstund í dúr og moll** með Knúti R. Magnússyni.
24.00 **Fréttir.**
00.10 **Samhljómur.** Umsjón: Bergljót Haraldsdóttir. (Endurtekinn frá morgni.)
01.00 **Veðurfregnir.** Næturútvarp á samtengdum rásum til morguns.

RÁS 2 FM 90,1

01.10 **Vökulögin.**
7.03 **Morgunútvarpið.** Leifur Hauksson og Ólöf Rún Skúladóttir hefja daginn með hlustendum. Guðmundur Ólafsson flytur pistil sinn eftir fréttayfirlit kl. 8.00.
9.03 **Stúlkan sem bræðir íshjörtun,** Eva Ásrún kl. 9. Morgunsyrpa Evu Ásrúnar Albertsdóttur. Afmæliskveðjur kl. 10.30.
11.03 **Stefnumót.** Jóhanna Harðardóttir tekur fyrir það sem neytendur varðar.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.15 **Heimsblöðin.**
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu.** Margrét Blöndal og Gestur Einar Jónasson leika þrautreynda gullaldartónlist.
14.05 **Milli mála,** Óskar Páll á útkíkki og leikur ný og fín lög. – Útkíkkið uppúr kl. 14, allt sem þú þarft að vita um það sem fólk er að gera í mannbótaskyni. – Kristinn R. Ólafsson talar frá Spáni.
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp fyrir þá sem vilja vita og vera með. Stefán Jón Hafstein, Ævar Kjartansson og Sigríður Einarsdóttir. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00, hlustendaþjónustan kl. 16.45. – Pétur Gunnarsson rithöfundur flytur pistil sinn á sjötta tímanum.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.31 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
20.30 **Útvarp unga fólksins.** Við hljóðnemann: Vernharður Linnet.
21.30 **FRÆÐSLUVARP:** Lærum þýsku. Þýskukennsla fyrir byrjendur á vegum Fjarkennslunefndar og Bréfaskólans. Sjöundi þáttur. (Einnig útvarpað nk. föstudag kl. 21.30.)
22.07 **Rokk og nýbylgja.** Skúli Helgason kynnir. (Einnig útvarpað aðfaranótt laugardags að loknum fréttum kl. 2.00.)
01.10 **Vökulögin.** Tónlist af ýmsu tagi í næturútvarpi til morguns. Sagðar fréttir af veðri, færð og flugsamgöngum kl. 5.00 og 6.00. Veðurfregnir frá Veðurstofu kl. 1.00 og 4.30. Fréttir kl. 2.00, 4.00, 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.
8.07 – 8.30 **Svæðisútvarp Norðurlands.**
18.03 – 19.00 **Svæðisútvarp Norðurlands.**

FM 98·9 BYLGJAN

7.30 **Páll Þorsteinsson:** Þægileg morguntónlist – litið í blöðin og sagt frá veðri og færð. Fréttir kl. 8 og Potturinn kl. 9.
10.00 **Valdís Gunnarsdóttir.** Morgun- og hádegistónlist allt í einum pakka. Fréttir kl. 10, 12 og 13. Potturinn kl. 11. Bibba og Halldór á Brávallagötu 92 kíkja inn milli kl. 10 og 11.
14.00 **Þorsteinn Ásgeirsson.** Síðdegið tekið létt á Bylgunni, óskalögin leikin. Síminn er 61 11 11. Bibba og Halldór aftur og nýbúin milli kl. 17 og 18. Fréttir kl. 14 og 16. Potturinn kl. 17.
18.00 **Fréttir.**
18.10 **Reykjavík síðdegis – Hvað finnst þér?** Steingrímur Ólafsson spjallar við hlustendur. Síminn er 61 11 11.
19.00 **Freymóður T. Sigurðsson. Meiri músík og minna mas.**
20.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Þægileg kvöldtónlist.
24.00 **Næturdagskrá Bylgjunnar.**



Stjarnan FM 102,2 & 104

7.30 **Jón Axel Ólafsson.** Jón Axel í hressari kantinum. Fréttir kl. 8.00 & 10.00
10.00 **Sigurður Helgi Hlöðversson.** Sigurður Helgi með lög úr öllum áttum. Fréttir kl. 12.00 & 14.00.
14.00 **Gísli Kristjánsson.** Þessi ljúfi dagskrárgerðarmaður leikur létt lög af geisladiskum.
18.00 **Þægileg tónlist með kvöldverðinum.**
20.00 **Sigursteinn Másson.** Kvöldúlfur Stjörnunnar mættur með allt það nýjasta í poppinu en laumar að einu og einu gömlu. Eftir klukkan 10.00 læðist Sigursteinn í rólegu tónlistina á Stjörnunni.
24.00 **Dagskrárlok.**

Hljóðbylgjan
Reykjavík FM 95,7
Akureyri FM 101,8

7.00 **Réttum megin fram úr.** Ómar Pétursson spjallar við hlustendur í morgunsárið, kemur með fréttir sem koma að gagni og spilar góða tónlist.
9.00 **Morgungull.** Hafdís Eygló Jónsdóttir á seinni hluta morgunvaktar, spilar tónlist við allra hæfi og segir frá ýmsum merkilegum hlutum. Afmæliskveðju- og óskalagasímarnir eru 27711 fyrir Norðlendinga og 625511 fyrir Sunnlendinga.
12.00 **Ókynnt hádegistónlist.**
13.00 **Perlur og pastaréttir.** Snorri Sturluson sér um tónlistina þína og lítur m.a. í dagbók og slúðurblöð. Símanúmerin fyrir óskalög og afmæliskveðjur eru 27711 fyrir Norðlendinga og 625511 fyrir Sunnlendinga.
17.00 **Síðdegi í lagi.** Þáttur fullur af fróðleik og tónlist í umsjá Þráins Brjánssonar. Meðal efnis er Belgurinn, upplýsingapakki og það sem fréttnæmast þykir hverju sinni.
19.00 **Ókynnt kvöldmatartónlist.**
20.00 **Pétur Guðjónsson** á mánudagskvöldi. Pétur sér m.a. um Rokkbitann sem stendur til klukkan 21.30, þar sem hann spilar rokk af öllum stærðum og gerðum.
23.00 **Þráinn Brjánsson** tekur síðasta sprettinn á mánudögum. Þægileg tónlist fyrir svefninn.
1.00 **Dagskrárlok.**

ALFA FM·102,9

10.00 **Morgunstund.** Guðs orð og bæn.
10.30 **Alfa með erindi til þín.** Margvíslegir tónar sem flytja blessunarríkan boðskap.
21.00 **„Orð trúarinnar".**Endurtekið frá föstudegi.
23.00 **Alfa með erindi til þín.** Frh.
24.00 **Dagskrárlok.**

rót ÚTVARP FM 106·8

10.00 **Rótartónlist**Hörður Ýmir Einarsson.
13.00 **Úr Dauðahafshandritunum.** Haraldur Jóhannsson les 8. lestur.
13.30 **Af vettvangi baráttunnar.** Gömlum eða nýjum baráttumálum gerð skil. E.
15.30 **Samtök kvenna á vinnumarkaði. E.**
16.30 **Umrót.** Tónlist, fréttir og upplýsingar um félagslíf.
17.00 **Samband sérskóla.**
17.30 **Dagskrá Esperantosambandsins.**
18.30 **Nýi tíminn.** Umsjón: Bahá'ísamfélagið á Íslandi.
19.00 **Opið.** Þáttur laus til umsóknar fyrir þig.
20.00 **FES.** Unglingaþáttur. Umsjón: Klara og Katrín.
21.00 **Barnatími.**
21.30 **Úr Dauðahafshandritunum.** Haraldur Jóhannsson les 8. lestur. E.
22.00 **Hausaskak.** Þungarokksþáttur í umsjá Guðmundar Hannesar Hannessonar.
23.30 **Rótardraugar.** Lesnar draugasögur fyrir háttinn.
24.00 **Ferill og „FAN".** E.
2.00 **Næturvakt** til morguns með Baldri Bragasyni. Fjölbreytt tónlist og svarað í síma 623666.

ÚTRÁS FM 104,8

16.00 **MS.**
18.00 **IR.**
20.00 **MR.**
22.00 **MS.**
01.00 **Dagskrárlok.**

Útvarp HAFNARFJÖRÐUR FM91.7

18.00–19.00 **Menning á mánudegi.** Fréttir af menningar- og félagslífi í Firðinum. Viðtöl og létt tónlist.
20.00–22.00 **Útvarpsklúbbur Víðistaðaskóla.**

Ólund
Akureyri
FM 100,4

19.00 **Þytur í laufi.** Jóhann Ásmundsson spilar uppáhalds pönkið sitt.
20.00 **Skólaþáttur.** Umsjón hafa grunnskólarnir á Akureyri.
21.00 **Fregnir.** 30 mínútna fréttaþáttur. Fréttayfirlit síðustu viku. Fólk ræðir málin.
21.30 **Mannamál.** Íslenskukennarar sjá um þáttinn.
22.00 **Gatið.**
23.00 **Kvenmenn.** Ásta Júlía Theódórsdóttir kynnir konur sem spila og syngja.
24.00 **Dagskrárlok.**

## Stöð 2 kl. 20.30:

# Dallas

## – mikið fjör framundan



**Í næstu Dallasþáttum er von á fjörugri atburðarás hjá JR Ewing og fjölskyldu hans.**

Í Dallasþáttunum eru blikur á lofti. Að sögn Ásthildar Sveinsdóttur þýðanda fá Dallasunnendur að sjá fjöruga atburðarás í komandi þáttum. Síðasti þáttur endaði á því að B.D. Calhoun laumaði lyfjum í kaffið hjá Sue Ellen og leit út fyrir að hann myndi ræna henni. Þetta mun vera undanfari mikilla sviptinga þar sem ekkert er gefið eftir og verður byssum óspart brugðið á loft.

Í síðasta þætti slapp JR naumlega frá því að verða sprengdur í loft upp. Bobby skynjar að um mikil vandamál er að ræða hjá bróður sínum en hann veit ekki enn hvers kyns er hjá JR. Cliff Barnes er kominn á hálan ís vegna samskipta sinna við Pamelu systur sína og Ray Crebbs veit ekki sitt rjúkandi ráð vegna fyrirhugaðs máls um umráðarétt yfir barni þeirra Donnu – Crebbs afræður að sjá sem minnst af Jennu vegna þessa og bregður henni mjög við þær fréttir. Sue Ellen er sú eina sem heldur ró sinni en Clayton er enn að sleikja sárin vegna komu Wes Parmalee. -ÓTT

## Stöð 2 kl. 22.10:

# Fjalakötturinn – Haustdagar

Þessi kvikmynd er síðasta verk japanska leikstjórans Yasujiro Ozu en hann er talinn vera einn „þjóðlegasti" leikstjóri þar í landi. Ozu hefur fengið viðurkenningar á alþjóðlegum vettvangi fyrir verk sín sem öll bera sterk japönsk séreinkenni. Sögusvið þessarar kvikmyndar er á árunum í kringum 1960 þegar mikil uppsveifla var í japönskum lífsháttum – þarna átti sér stað mikill vísir að velmegun.

Efni mynda Ozus fjallar gjarnan um raunveruleikann í lífi einstaklinga sem stofna fjölskyldu og ábyrgð foreldra. Í Haustdögum er greint frá ekkli sem býr með dóttur sinni. Hann er mótfallinn því að hún gangi í hjónaband en afstaða hans breytist þegar hann kynnist óhamingjusamri konu sem hlaut sömu örlög og hann ætlaði dóttur sinni. Hann hafði ekki gert sér grein fyrir einsemdinni sem kæmi til með að bíða hans. Kvikmyndin er frá árinu 1962. -ÓTT



**Pétur Guðjónsson er umsjónarmaður þungarokksþáttarins Rokkbitinn.**

## Hljóðbylgjan kl. 20.00:

# Rokkbitinn

## – tónlist í þyngri kantinum

Á mánudagskvöldum annast Hljóðbylgjan, sem er send út frá Akureyri, tónlistarþætti sem innihalda tónlist í þyngri kantinum. Það er Pétur Guðjónsson sem bregður plötum á fóninn í Rokkbitanum. Hann mun leika þungarokkstónlist af öllum gerðum, gömul sem ný. Einnig flytur Pétur hlustendum fréttir úr heimi þessarar tónlistar sem alltaf á sér marga unnendur. Rokkbitinn er á dagskrá Hljóðbylgjunnar á mánudagskvöldum frá kl. 21.00–21.30. -ÓTT